

Jón Þormar Pálsson

Dagsetning: 16.01.2022

Pingskjal 15 - 15. mál.

152. löggjafarþing 2021–2022.

Frumvarp til laga um breytingu á lögum um velferð dýra, nr. 55/2013 (bann við blóðmerahaldi).

UMSÖGN

Almennt álit um málið.

Bændur á Suðurlandi sem halda hryssur til blóðframleiðslu, leggjast alfarið gegn öllum greinum frumvarpsins.

Varðandi 1. gr.

Frumvarp til laga um bann við blóðtöku úr fylfullum merum, virðist byggja á þeirri hugmynd flutningsmanna að hryssurnar verði óhjákvæmilega fyrir ofbeldi, illri meðferð, misþyrmingum og dýraníði við blóðtökuna. Myndband með nafninu „Ísland - land 5.000 blóðmera“ er í greinargerð með frumvarpinu talið sýna fram á þetta. Myndbandið, sem er byggt á ólöglegri myndatöku falinna myndavéla, er samanaklippt áróðursmyndband en ekki heimildarmynd um greinina. Engin raunsönn dæmi eða gögn liggja hins vegar fyrir sem styðja hugmyndir flutningsmanna og hrossabændur á Suðurlandi, sem halda hryssur til blóðtöku, hafna því alfarið að ofangreindar hugmyndir eigi við nokkur rök að styðjast.

Þegar hafist var handa við lyfjavinnslu úr hryssublóði hér á landi, fyrir rúmum 40 árum, var með samstarfi vísindamanna og reyndra stóðbænda lagður traustur grunnur að verklagi, aðstöðu og eftirliti með hryssunum þar sem blóð var tekið. Við Tilraunastöð Háskólans í meinafræði að Keldum var þegar í byrjun gerð ítarleg þriggja ára rannsókn varðandi áhrif blóðtökunnar á heilsu hrossanna, bæði hryssa og folalda. Fylgst var með heilsu þeirra og líðan til bæði skemmri og lengri tíma með eftirliti og blóðmælingum. Engin vandamál komu fram vegna blóðtökunnar sem ekki mátti fyrirbyggja með réttu verklagi og góðri búmennsku. Æ síðan hafa bændur stundað bú sín með þeim hætti og eftir fremsta megni tryggt hryssum sínum, sem og öðrum bústofni, atlæti og umhirðu við hæfi.

Reynsla bænda og reglulegt eftirlit Matvælastofnunar og Ísteka hefur aðeins staðfest niðurstöður rannsóknarinnar sem gerð var við upphaf þessarar starfsemi. Tíminn hefur einnig leitt í ljós að hryssur sem tekið er blóð geta haldið góðri heilsu og verið frjósamar langt fram eftir aldri. Það er ótvírætt merki þess að lífið fer vel með þær, enda hafa þær meiri möguleika en flest önnur hross á Íslandi til að iðka sitt náttúrulega atferli, auk þess sem þörfum þeirra er sinnt, bóndanum og þeim sjálfum til hagsbóta, árið um kring.

Eftirliti hins opinbera með hrossum í okkar eigu er eins farið og eftirliti með öðru búfé í landinu. Ríkari kröfur eru þannig gerðar um sæld (holdafar) hryssa sem tekið er blóð en annarra hrossa. Bændur sem þessa búgrein stunda sæta auk þess eftirliti frá kaupanda blóðsins, líftæknifyrirtækinu Ísteka. Aldrei er nokkur maður einn við blóðtöku, þar koma alltaf tveir aðilar að verki, sem eru óháðir hvor öðrum: Annars vegar bóndinn og hans fólk, hins vegar sérþjálfaður dýralæknir. Báðir þessir aðilar geta gripið inni ef þeir sjá eitthvað athugavert við athafnir hins.

Til að unnt sé að nýta blóð, verður hryssan að vera fylfull. Til að hryssa festi fang á eðlilegan hátt, þarf hún að vera heilbrigð og vel á sig komin. Þeir sem stunda búskap vita að lítið er upp úr því að hafa að níðast á bústofni sínum. Merabændur eru ekki síður meðvitaðir um það en aðrir bændur. Endurteknar fullyrðingar í greinargerð með frumvarpi þessu um ofbeldi gegn hryssum í tengslum við blóðtöku, eru að okkar mati forkastanleg árás á heiður okkar og mannorð. Dylgjur þessar eru auk þess afar særandi fyrir okkur bændur þar sem flutningsmenn gera því skóna að við níðumst kerfisbundið á merunum okkar; dýrum sem við eigum, okkur er annt um og umönnun þeirra er starf okkar og hagar.

Íslenskir bændur hafa ávallt haldið hrossastóð þar sem landkostir bjóða upp á slíkt. Í upphafi blóðframleiðslunnar var þegar á þriðja ári (sumarið 1981) tekið blóð úr þúsund hryssum. Þær voru til í stóðum bænda, bæði norðanlands og sunnan. Tekjurnar af þessari afurð hafa æ síðan séð fyrir hluta

af íslenska hrossastofninum. Ísland er vel fallið til hrossaræktar. Hrossastofninn er laus við sjúkdóma, hrossin geta lifað úti og eru mikilvæg til að viðhalda graslendi, sem er grundvallar vistkerfi í náttúru Íslands.

Stóðhryssur sem tekið er blóð úr hér á Íslandi lifa eins náttúrulegu stóðlífi og hægt er fyrir íslenska hestinn. Þær eru fjálsar 353 dag á ári, bíta gras í úthögum og eru undir eftirliti fagaðila á blóðtökutímabili. 10 daga á ári (þá einungis örfáar klst) eru þær reknar inni hestagerði til að taka úr þeim blóð og er meðaltalið 5 skipti á hverja meri. Hvert skipti tekur um 5-7 mínútur svo álag þessara hryssna samanborið við reið og keppnishross er óverulegt.

Hugsanlegt órorð af starfsemi okkar sem höldum hross til blóðtöku, væri ekki af okkar völdum, heldur þeirra sem vegna fordóma og vanþekkingar rægja okkur með ósannindum. Það er fráleit hugmynd að skera niður tekjur okkar og bústofn vegna óljósra hagsmuna einhverra annarra.

Fólk á 119 bæjum víðs vegar um landið stundar hrossarækt í tengslum við blóðframleiðslu. Að leggja bann á framleiðslu afurðanna, mundi óhjákvæmilega þurrka út rekstrargrundvöll fyrirtækjanna sem rekin eru á þessum bæjum. Sumir hafa stundað þennan búskap lengi, aðrir eru jafnvel að hefja búskap en áætlanir okkar allra byggja á þessari starfsemi. Hrossahald okkar til blóðframleiðslu er til þess fallið að standa undir framfærslu fólks, fjárfestingum og viðhaldi fasteigna. Afkomumöguleikar í sveitum eru afar takmarkaðir nú þegar og bann við blóðframleiðslu yrði gríðarlegur skellur. Mörg býli gætu lagst í eyði, fólki fækkaði á öðrum, tekjur hyrfu og áhrif þessa næðu um heilu byggðarlögin. Sveitir landsins mega síst við slíkum gjörningum af hendi stjórnvalda.

Vinnandi fólk til sveita hefur takmarkaðan aðgang að velferðarkerfunum, lítinn bótarétt vegna áunninna réttinda og því fátt sem tæki við því til framfærslu ef möguleikar til að vinna fyrir sér væru teknir burt með valdi.

Varðandi 2. gr.

Í framlögðu frumvarpi er lagt til að eftirfarandi texti verði felldur brott: „Brot gegn lögum þessum sæta aðeins rannsókn lögreglu að undangenginni kærni til Matvælastofnunar.“ Með því væri verið að sniðganga hlutverk Matvælastofnunar sem eftirlitsaðila málaflokksins. Slíkt væri með öllu ótækt.

Varðandi 3. gr.

Að lög þessi öðluðust þegar gildi mundi skapa ríkinu umtalsverða skaðabótaskyldu gagnvart þeim aðilum er starfa á þessum vettvangi. Þar er um að ræða fjöldi bóva, gríðarlega arðsamt einkafyrirtæki og fjöldi starfa bæði í sveit og borg. Skaðabótaupphæð mundi mögulega hlaupa á mörgum milljörðum.

Að lokum.

Forsvarsmenn Í-ess bænda eru fúsir til að koma fyrir Atvinnuveganefnd til að svara þeim spurningum sem enn kann að vera ósvarað.

Framlagt frumvarp og greinargerð þess er að okkar mati fráleit og tilefnislaus atлага að atvinnufrelsi bænda auk þess sem frumvarpið byggir á forsendum sem standast ekki skoðun.